

Landsyfirrjettardómar 1882.

Mánudaginn 9. janúarmán.

Nr. 27/1881

Rjettvísinn

gegn

Guðjóni Ingimundarsyni

og Ólafi Loptsyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 4. júnímán. f. á., eru hinir ákærðu, Guðjón Ingimundarson og Ólafur Loptsson, dæmdir, hinn fyr nefndi fyrir að hafa búið til eptirmynd peninga í 15 mánaða betrunarhússvinnu, og hinn síðar nefndi fyrir að hafa látið úti eptirmyndaða peninga, í 30 daga fangelsi við einfalt fanga-
viðurværi, svo eru þeir og dæmdir til að borga báðir fyrir annan og annar fyrir báða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal varðhaldskostnað og laun til svaramanna þeirra í hjeraði, málaflutningsmannanna þorsteins Jónssonar og Páls Melsted's, 6 krónur til hvors þeirra um sig. Dómi þessum er af hálfu rjettvísinnar skotið til yfir-dómsins.

Með eigin játningu hins ákærða Guðjóns Ingimundarsonar og öðrum skýrslum, sem fram hafa komið undir málinu, er það löglega sannað, að hann í febrúarmán. fyrra árs hafi búið til eptirmynd pen-

inga, sem sje eins einnar krónu penings og 3 tuttugu og fimm aura peninga, og voru þrír þessara peninga danskir, en 1 norskur, á þann hátt, að hann steypiti þá úr tini í gipsmóti. 25 aura peningana ljét hann sjálfur úti á gestgjafahúsi hjer í bænum sem löglega peninga, og krónupeninginn fjekk hann hinum meðákærða Ólafi Loftssyni til að kaupa fyrir sätindi í lyfjabúðinni. Þar að auki hefur hinn ákærði Guðjón Ingimundarson játað, að hann hafi nokkrum sinnum stungið upp læsta kistu upp á lopti hjá húsbónda sínum, og stolið úr henni lítilræði af kandíssykri, sem hann neytti þegar í stað. Þessi afbrot hins ákærða, sem er fæddur 26. marz 1862, og ekki hefur áður sætt hegningu nje ákæru fyrir neitt lagabrot, eru af undirdómaranum rjettilega heimfærð undir 266., 230. og 63. gr. hegningarlaganna, sjá og peningalög 23. maí 1873, 14. gr., og virðist hegningin, einkum vegna þess, hve illa peningarnir voru gjörðir, fyrir þau (sbr. § 58 í hegningarlögunum) eptir nefndum lagastöðum hæfilega ákveðin 2 ára betrunarhússvinna.

Hinn meðákærði Ólafur Loftsson hefur játað, að hann hafi eptir fyrirlagi hins ákærða Guðjóns Ingimundarsonar keypt fyrir hann gips það, er Guðjón notaði til að eptirmynda peningana, og að hann hafi vitað, til hvers Guðjón ætlaði að brúka það; sömuleiðis ljét hann úti í lyfjabúðinni hjer í bænum krónupening þann, sem Guðjón hafði búið til og fengið honum til að kaupa sätindi fyrir, þó að hann hefði grun um, að peningurinn væri eptirmyndaður. Undirdómarinn hefur heimfært þetta afbrot hins ákærða Ólafs Loftssonar, sem er fæddur

1. ágúst 1863, og ekki hefur áður sætt hegningu nje ákæru fyrir neitt lagabrot, undir 269. gr. hegningarlaganna, samanborna við 22. og 38. gr. sömu laga; en þar sem þessi ákærði ekki að eins hefur látið úti einn af hinum eptirmynduðu peningum, heldur einnig veitt hinum ákærða Guðjóni liðsinni fyrirfram til að framkvæma afbrot sitt með því að kaupa fyrir hann efnið í mótið, sem peningarnir voru eytirmýndaðir í, þó að hann vissi, til hvers átti að nota það, þá ber að heimfæra afbrot hans undir 266., 49. og 38. gr. hegningarlaganna, og þar sem hann er nú orðinn fullra 18 ára, virðist honum hæfilega refsað samkvæmt nefndum laga-greinum með 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Allan af málinu löglega leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu þannig, að þeir hvor um sig borgi varðhaldskostnað sinn og laun til svaramanns síns í hjerði og fyrir yfirdómi, sem ákveðast 16 krónur handa hvorum svaramanni, en allan annan málskostnað, þar á meðal laun hins skipaða sóknara fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 15 kr., borgi hinn ákærði Guðjón Ingimundarson að $\frac{2}{3}$ hlutum, en hinn ákærði Ólafur Loptsson að $\frac{1}{3}$ hluta.

Meðferð málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögnað.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Guðjón Ingimundarson á að sæta 2ja ára betrunarhússvinnu, en hinn ákærði Ólafur Loptsson 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hinir ákærðu greiði hvor um sig kostnaðinn af varðhaldi sínu og málsvarnarlaun svaramanns síns

fyrir undir og yfirdómi, málaflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 16 kr. til hvors; allan annan löglegan kostnað af málinu, þar á meðal laun hins skipaða sóknara fyrir yfirdómi, revisors Indriða Einarssonar, 15 kr., greiði hinn ákærði Guðjón Ingimundarson að $\frac{2}{3}$ hlutum, og hinn ákærði Ólafur Loptsson að $\frac{1}{3}$ hluta. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúarmán.

Nr. 19/1881 Sæmundur bóndi Sæmundsson
 gegn
 Kaupmanni H. Th. A. Thomsen

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 9. dag ágústmán. f. á., var Sæmundur bóndi Sæmundsson á Elliðavatni dæmdur til að greiða kaupmanni H. Th. A. Thomsen, sem rekur verzlun í Reykjavík, skaða og kostnað-
 arbætur fyrir rof og skemmdir á laxakistum og laxagörðum hans í Elliðaánum, 144 kr. 62 aura, bætur fyrir rýrð á lánstrausti eptir mati 2ja dómkvaddra óvilhallra manna, með helming þeirrar upphæðar, er menn þeir ákvæðu, þó ekki meira en 500 kr., og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Sæmundur bóndi Sæmundsson, eptir að hafa fengið uppreisn, skotið til yfirdómsins með stefnu, sem dagsett er 15. septembermán. f. á., og krafizt, að undirrjettardómurinn verði dæmdur ómerkur, eða þá að verða dæmdur alsýkn af